

Meðferð mála vegna fjarvista og óstundvísi nemenda í 5.-7. bekk Egilsstaðaskóla

Fjarvistir

Kennarar láti foreldra/forráðamenn **alltaf vita** þegar nemendur mæta ekki í kennslustund. Kennari skráir fjarvistir í mentor og lætur umsjónarkennara alltaf vita. Umsjónarkennari ræðir sérstaklega við nemanda þegar fjarvist á sér stað og leitar ástæðu hennar.

Ef nemandi er kominn með **eina fjarvist** kallar umsjónarkennari foreldra og nemanda á fund vegna málsins.

Ef nemandi er kominn með **þrjár fjarvistir** boðar umsjónarkennari foreldra, nemanda og deildarstjóra viðkomandi aldurstigs á fund og leitað er úrlausna.

Ef nemandi er kominn með **fimm fjarvistir** vísar umsjónarkennari málinu beint til nemendaverndarráðs til umfjöllunar. Ráðið tekur ákvörðun um frekari lausn á málinu. Deildarstjóri á viðkomandi stigi fylgir málinu eftir.

Seint

Ef nemandi er kominn með **þrjú seint** hefur umsjónarkennari samband við foreldra/forráðamenn.

Ef nemandi er kominn með **5 seint** kallar umsjónarkennari foreldra og nemanda á fund vegna málsins.

Ef nemandi er kominn með **tíu seint** boðar umsjónarkennari foreldra, nemanda og deildarstjóra viðkomandi aldurstigs á fund og leitar úrlausna.

Ef nemandi er kominn með **fimmtán seint** vísar umsjónarkennari málinu beint til nemendaverndarráðs til umfjöllunar. Ráðið tekur ákvörðun um frekari lausn á málinu. Deildarstjóri á viðkomandi stigi fylgir málinu eftir.